

Sorpstöð Rangárvallasýslu  
Suðurlandsvegur  
850 Hella

Reykjavík, 11. febrúar 2022  
UST202103-107/S.M.  
08.14.02

## **Reglubundið eftirlit á urðunarstað Sorpstöðvar Rangárvallasýslu**

Þann 30. nóvember sl. fór fram reglubundið eftirlit með starfsleyfi urðunarstaðar Sorpstöðvar Rangárvallasýslu að Strönd. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

**Engin ábending var gerð í eftirlitinu en eitt frávik kom fram er varðar:**

- 1. Gr. 3.7 í starfsleyfi. Rekstraraðila er heimilt að urða 1600 tonn af lífrænum úrgangi, þar af 800 tonn árið 2020 og 800 tonn árið 2021 án þess að uppfylla skilyrði um mengunarvarnir, sbr. gr. 3.2, 3.3, 3.4 og 5.2. Fram kom í eftirliti að á tímabilinu janúar-nóvember 2021 hefðu verið urðuð 1000 tonn af lífrænum úrgangi sem er umfram heimild starfsleyfis.**

Útistandandi frá eftirliti 2020 eru frávik er varða:

- 2. Gr. 1.2 í starfsleyfi. Á urðunarstaðnum má einungis urða óvirkan úrgang, og tímabundið lífrænan úrgang á botnþéttinga, sbr. gr. 3.7. Við eftirlit var staðfest að þar hafa verið urðuð á árinu 1230 tonn af grófum úrgang sem ekki er heimild fyrir í starfsleyfi.**
- 3. 8. mgr. gr. 1.2 í starfsleyfi. Verði um tímabundna geymslu úr sér genginna ökutækja, eða annars olíusmitaðs úrgangs, að ræða skal hann geymdur á malbikuðu/steyptu yfirborði tengdu olíuskilju. Við eftirlit var mikið um úr sér gengin ökutæki á urðunarstaðnum og fæst þeirra á þar til gerðu steypu plani þó þar væri pláss fyrir slíkt.**

Útistandandi frá eftirliti 2017 er frávik er varðar:

- 4. Gr. 2.1 í starfsleyfi. Sky. gr. 2.1 í starfsleyfi skal aðgangur að svæðinu vera takmarkaður og svæðið afgirt með girðingu sem hindrar aðgang manna og skepna og ólöglega úrgangslosun. Girðing um svæðið liggur niðri að hluta.**

Varðandi töluliði 2-4 hér að framan vinnur rekstraraðili eftir samþykktari úrbótaáætlun frá 8. mars 2021 og 20. september 2021. Úrbætur verða teknar út í næsta eftirliti.

**Varðandi tölulið 1 hér að framan óskar Umhverfisstofnun í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 7. mars 2022.**

Virðingarfyllst

Sigríður Magnúsdóttir,  
sérfræðingur

Kristín Kröyer  
sérfræðingur